

Alþingi
Erindi nr. P 143/717
komudagur 12.12.2013

From: Ingimar Ingason [<mailto:ingimar@lmfi.is>]

Sent: 12. desember 2013 16:37

Cc: Reimar Pétursson

Subject: FW: Þingmál nr. 161, skjal nr. 331

Stjórn Lögmannafélags Íslands tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum laganefndar félagsins hér að neðan.

F.h. Lögmannafélags Íslands.

Ingimar Ingason, framkv.stj.

From: Reimar Pétursson [<mailto:Reimar@laekjargata.is>]

Sent: 12. desember 2013 11:58

Subject: Þingmál nr. 161, skjal nr. 331

Í tilefni af álitni nefndarinnar vil ég fyrir hönd laganefndar Lögmannafélagsins vekja athygli á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi virðist forsenda nefndarinnar um óskert réttaröryggi borgaranna ekki rökstudd með fullnægjandi hætti. Þannig er t.d. ekkert fjallað um það tilvik að sýslumaður, sem lægra sett stjórnvald sem auk þess skortir allar faglegar forsendur, hafnar því að fella úr gildi málflytningsleyfi. Við þær aðstæður er alls óljóst hvað tekur við, t.d. hvort úrskurðarnefnd eða Lögmannafélagið eigi kærurétt. Sýnir þetta að breytingin sem að er stefnt samrýmist ekki því fyrirkomulagi sem lög um lögmenn byggja að öðru leyti er á.

Í öðru lagi virðist nefndin ekki taka neina afstöðu til röksemda um formlega stöðu lögmanna gagnvart veitingarvaldinu. Með leyfi frá dómsmálaráðherra standa lögmenn að jafnfætis dómurum, ríkissaksóknara og öðrum sem gegna hlutverki í dómskerfinu. Í því felst formlegt fyrirheit um sjálfstæði lögmanna gagnvart þessum aðilum. Sýslumenn reka sem handhafar umboðsvalds í héraði margvísleg mál fyrir dómi; þeir sækja sakamál og innheimta opinber gjöld. Þá koma þeir að margvíslegum öðrum málum, t.d. erfamálum, sífjamálum og barnamálum. Óviðunandi virðist að lögmenn, sem gæta hagsmuna borgaranna í slíkum málum, sæki formlega leyfi sitt til sýslumanna. Með því eru hin formlegu fyrirheit um sjálfstæði lögmanna afnumin. Ekki finnast í fljótu bragði dæmi um fyrirkomulag af þessum toga erlendis.

Samkvæmt þessu er þess óskað að nefndin íhugi enn afstöðu sína til málsins.

Virðingarfyllst,

Reimar Pétursson hrl.